


"Þjóðerni"  
John Kornested

# HEIMIR



## EFNISYFIRLIT:

	Bls.
Lux Benigna .....	73
Skýrslur safnada og presta .....	74
Ritdómur Dr. Valtýrs um "Höfuðlærdóma" .....	76
Andlegt líf og mentun .....	78
Landið helga .....	82
Trúðar .....	83
Passion Hymns of Iceland .....	87
Hvenær byrja trúfrelsis skoðanir ad gjöra vart við sig á Íslandi? .....	89
Tvær gamanvísur .....	95
"Þótt jeg sökkvi' í saltan mar' .....	96



# TIMBUR, GLUGGAR, HURDIR.

Vjer höfum miklar birgðir af tegldu og ótegldu timbri. Vor innanhúss "Finishing", gluggakarmar, hurðir og listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Beztu tegundir innviða, hvort heldur um smáhýsi eða stórhýsi er að ræða.

Gluggar og gler af allri gjörð og lægsta verði. Beztu tegundir skjólklæðninga og veggjapappa. Sama verð og sömu skil sýnd pöntunum utan sem innan bæjar. Skrifð eftir verðlista, eða

komið til vor

THE EMPIRE SASH & DOOR CO., LIMITED.

HENRY AVE. EAST.

---

**The CANADIAN ASPHALT COMPANY, Ltd.**

147 BANNATYNE AVE., EAST. WINNIPEG.

ASPHALT, ÞAKEFNI, HÚSAPAPPI, LINOVELT,  
ASBESTOS OG VEGGBORÐ.

Vjer höfum úrval af allskyns ÞAKEFNUM, HÚSAPAPPA af öllum tegundum. VEGGBORÐ, er nota má innan í hús í stað plasturs. ASBESTOS klæðningar á heitavatns pípur og eldfæri — er spara eldivið.


Byggið húsinn hlý! Notið LINOVELT í veggina, þá haldið þjer kuldanum úti og þurfið ekki að flytja inn kolin. Leggið LINOVELT undir gólf, það dregur úr hljóð. Sýnishorn ókeypis. Upplýsingar um verð og fl. veitum vjer með ánægju.

Ólafur Pjetursson, og fleiri íslenzkir byggingamenn, mæla hið beztu með LINOVELT.

THE CANADIAN ASPHALT Co. LTD.

147 Bannatyne East.

Te'l. Main: 2959. Wpeg.



IX. árgangur

WINNIPEG, 1913.

4. blað.

## Lux Benigna.

Sálmur Newman's kardínála, lausleg þýðing.

—:G:—

Lýs blessað ljós! í gegnum myrkan geim,  
Og gang minn styð. —  
Ljósvana nótt! — eg langt á eftir heim.  
Lýs mjer eg bið!  
Eitt fótínál áfram, falli þú mig ver.  
Um fjarlægð langa' að sjá, ei bið eg mjer.

Svo var eg eigi fyrr, nje þráði' að þú  
Mjer lýstir leið,  
Eg kaus að sjá og veg mjer velja, en nú  
Mjer veginn greið,  
Blys farfa dags eg dáði, en dýpur önd  
Drambi var seld, ó rjett mjer þína hönd.

Þinn líknaði' máttur mjer og líkna skal  
Um lífsskeið mjótt,

Um brattar heiðar, dauðans skuggadal,  
 Unz dvfnar nótt.  
 Með mörgni brosa andlit engilheið  
 Er unni eg lengi' en hurfu mjer af leið.

## Skýrslur Safnaða og Presta.

—:0:—

Talað var um það á kyrkjupinginu síðasta, að æskilegt væri að samdar væri skýrslur við hver ársnót, af söfnuðum og prestum kyrkjufjelagsins, og þær svo sendar skrifara kyrkjufjelagsins, ekki stöð en mánuði fyrir þing.

Til hægðarauka fyrir safnaðaskrifarana, var nefnd skipuð af þinginu til þess að útbúa og láta prenta skýrsluform, er nota mætti svo við samning þessara skýrsla. Hefir nefndin nú lokið starfi og birtum vjer það hjer, samandregið. Eru nú form þessi til útbýtingar á skrifstofu "Heimis" og hjá kyrkjufjelagsskrifara, sjera Guðm. Árnasyni. Eru safnaðaskrifarar beðnir að panta þau, eftir þörfum, við fyrstu hentugleika. Þau eru send ókeypis og á kostnað kyrkjufjelagsins.

### A. SAFNAÐARSKÝRSLA.

I.

- |                              |           |                       |
|------------------------------|-----------|-----------------------|
| 1. Nafnaskrá safnaðar        | Aldur     | Heimili               |
| 2. Innskrifaðir á árinu      |           |                       |
| Nöfn.                        | Aldur.    | Heimili.              |
| 3. Fæddir og skírðir á árinu |           |                       |
| Nöfn.                        | Foreldri. | Heimili.              |
| 4. Fermdir á árinu           |           |                       |
| Nöfn.                        | Foreldri. | Heimili.              |
| 5. Úrsagnir á árinu          |           |                       |
| Nöfn.                        | Heimili.  | Ástæður fyrir úrsögn. |

- |    |                           |          |              |
|----|---------------------------|----------|--------------|
| 6. | Burtfluttir á árinu _____ |          |              |
|    | Nöfn.                     | Heimili. | Fluttir til. |
| 7. | Dánir á árinu _____       |          |              |
|    | Nöfn.                     | — Aldur. | Heimili.     |

II.

- |     |                                   |                      |
|-----|-----------------------------------|----------------------|
| 8.  | Safnaðarfundir á árinu .....      | Nefndarfundir .....  |
| 9.  | Samkomur .....                    | Skemtifundir .....   |
| 10. | Meðlimatala Kvenfjelags .....     |                      |
| 11. | Meðlimatala Ungmennafjelags ..... |                      |
| 12. | Meðlimatala annara fjelaga .....  |                      |
| 13. | Sunnudagskóla nemendur .....      | Kennarar .....       |
| 14. | Skóla tfaui .....                 | Kennslugreinar ..... |

III.

- |     |                                       |                            |  |
|-----|---------------------------------------|----------------------------|--|
| 15. | Fjársöfnun yfir árið _____            |                            |  |
|     | a, Tillög og gjafir .....             | b, Samkomutekjur .....     |  |
|     | c, Samskot við messur .....           | d, Styrkur frá A.U.A. .... |  |
|     | e, Tillag frá Kvenfjelagi .....       | f, Unglingafjelagi .....   |  |
|     | g Frá Sunnud. skóla .....             | h, Aðrar tekjur .....      |  |
| 16. | Útgjöld yfir árið _____               |                            |  |
|     | a, Til Prests .....                   | b, Til A. U. A. ....       |  |
|     | c, Fyrir söng .....                   | d, Kyrkjuhirðing .....     |  |
|     | e, Til lýsingar og hitunar etc. . . . | f, Við samkomur ....       |  |
|     | g, Til Sunnud. skóla .....            | h, Til Húsabyggingar ..... |  |
|     | i, Til Hjálparþurfa .....             | j, Önnur útgjöld .....     |  |

IV.

- |               |                           |               |
|---------------|---------------------------|---------------|
| 17.           | Prestur .....             | Heimili ..... |
| 18.           | Fráfarandi safnaðarnefnd: |               |
|               | Nöfn.                     | Heimili.      |
| 19.           | Viðtakandi safnaðarnefnd: |               |
|               | Nöfn.                     | Heimili.      |
|               | —                         | —             |
| Skýrsla ..... | safnaðar, frá .....       | 19 .....      |
| til .....     | 19 .....                  |               |

.....  
 skrifari .....

## B. PRESTS-SKÝRSLA.

	Frá .....	19....	til .....	19 ...
1.	Fluttar messur hjá söfnuði .....			
	b, utan safnaðar .....	c, Í skiftum .....	Alls .....	
2.	Hjónavígslur; Innan safnaðar .....			
	Nöfn.	Heimili.	Dagsetning.	
	b, Utan safnaðar .....			
	Nöfn.	Heimili.	Dagsetning.	
3.	Skírnir; Innan safnaðar .....			
	Nöfn.	Foreldri.	Heimili.	
	b, Utan safnaða .....			
	Nöfn.	Foreldri.	Heimili.	
4.	Fermingar; Innan safnaðar .....			
	Nöfn.	Foreldri.	Heimili.	
	b, Utan safnaðar .....			
	Nöfn.	Foreldri.	Heimili.	
5.	Útfarir; Innan safnaðar .....			
	Nöfn.	Aldur.	Heimili.	
	Utan safnaðar .....			
	Nöfn.	Aldur.	Heimili.	
6.	Önnur störf .....			
	Dagsett .....	19....		

## Ritdómur Dr. Valtýrs um "Höfuðlærdóma".

—:0:—

Um ritdóm þenna, sem ekki er þó nema 25 línur, hafa spunnist langar ritgerðir, og una báðir "rjett-trúnaðar" flokkarnir honum illa. Forstöðumönnum lúthersku kyrkjunnar þykir súrt í

broti að Dr. Valtýr, skuli benda mönnum á þann sannleika, að þegar Lúthers-trúin er sett fram, samkvæmt hennar eigin játningum og kenningum, beri hún keim af broka og yfirlæti, sem dragi úr gildi hennar í augum allra skynbærra manna, svo að Únftara-trúin verði fegurri og meir aðlaðandi. Auðvitað er þetta löngu skiljanlegt orðið, öllum sem athuga báðar þessar trúarkenningar, en Dr. Valtýr mátti hins vegar ekki segja frá því. Það er svo oft og lengi búð að segja mönnum hjer, það gagnstæða, og ekkert sje að marka þó Únftarar og aðrir Villutrúarmenn haldi hinu fram, að það er eins og að koma upp svikum, er leynt átti að fara, með því að segja hið sanna.

Til þess svo að draga yfir þessi glöp ritstj. "Eimreiðarinnar", er gripið til þeirra örþrifsráða, að þekking hans um trúfræðisleg efni sje svo bágborin, að dómur hans í þessu efni sjeu markleysa og hjegómi, og er það sannað með prentvillu í "Eimreiðinni". Ekki vandast nú vörnin.

Nærri má geta að Dr. Valtýr er ekki eins reyndur og lesinn í þeim fræðum, eins og sumir forsvarsmenn Lútherskunnar eru hjer, er á tveim árum bókstaflega hafa klift og skorid sjer braut upp að þeim háu fræðum, með hárbeyttustu eggjárnum. En þó verður það ekki hrakið með einni saman prentvillu, að Eimr. fer rjett með það, að Lútherstrúin þykist þegar hafa höndlað alla sannleika og hafa einkarjett á honum; og að það er broka staðhæfing er nútíðinni er erfitt að taka á móti. Um það eru fleiri til sagnar en Dr. Valtýr. Allir muna kaflann í Helgakveri, þeirri kristin-fræði er flestum Íslendingum hefir verið kend, að í kenningu allra kyrkna kristinnar, að Lúthersku kyrkjuni einni undanskilinni, sjeu "margskonarskaðlegar villur. Lútherstrúin er sú eina sem er í alla staði rjett".

En stórum kátlegri er þó deila "Ný-guðfræðinga" á þenna ritdóm Dr. Valtýrs. Það er sjerstaklega eitt "klúryrði" sem þeir tilnefna, er hann hefir yfir "Nýju guðfræðina", er ónýta á allann ritdóminn, og svo auðvitað prentvillan líka. Er alt Maíblað Breiðablika um það hvorttveggja. Flestum mun þó virðast, er svör þessi lesa, að flest standi eftir sem áður, óhaggað í ritdómnum, en þó sjerstaklega það, sem ritstj. "Eimreiðarinnar" setur

út á "Nýju guðfræðina", að hún sje "hvorki fiskur eða fugl, er nánast orðin Únftara trú, en þorir ekki eða ville ekki kannast við það, og þykið standa á gömlum rjett-trúnaðar grundvelli þrátt fyrir alt".

## Andlegt líf og mentun.

Eftir Friedrich Paulsen, fyrrum kennara í heimspeki við háskólann í Berlín á Þýzkalandi.

—:o:—

Með orðinu mentun eigum vjer við fullkominn þroska hins andlega lífs. Mentun er hæfileiki, sem er fenginn með lærdómi og æfingu, til að taka verulegan þátt í andlegu lífi einnar þjóðar fyrst og fremst, og að síðustu alls mannkynsins.

Vjer sjáum tvær aðalhlíðar á andlegu lífi hverrar þjóðar: þekkingu og skapandi ímyndun, heimspeki og vísindi, listir og skáldskap. Mentun einstaklingsins er þess vegna þroski gáfna hans, til þess að hann þekki sannleikann, og skynjuna hans og ímyndunarafls, svo að hann geti skilið og haft nautn af fegurð.

Þekkingin hefir tvöfalt hlutverk. Skynsemin er í fyrsta lagi verkfæri viljans; starf hennar er að koma honum í samræmi við umhverfi sitt. Tilfinningar þæginda og sársauka eru hin elzta þekking. Skynfærin, sem hafa myndast út úr óskiftri líkams-tilfinningu, gera dýrinu mögulegt að skilja fleira en það, sem næst því er í umhverfinu og taka afstöðu gagnvart því, sem er gott eða skaðlegt. Skynjunin þroskast og verður að skynsemi, sem vjer getum sagt að sje í vðtækum skilningi hæfileiki til að þekkjja það, sem á sjer stað frá því, sem ekki á sjer stað. Hún notar alt sem skynjunarfærin grípa eins og merki, og ályktar af þeim um það, sem reynsla er enn ekki fengin fyrir, sjerstaklega um framtíðina, það sem er fjarlægt í tíma.

Skynsemin, sem er mjög mikilsverður þáttur í lífi hærri dýr-



anna, nær mestri fullkonnun hjá manningum í ályktaðri þekkingu. Munurinn á henni og þekkingu skynfæranna er sá, að hún er byggð á sundurliðun þess, sem skynjað er. Dýrið sameinar skynjunaratriði sín með því, að flytja þau hvort að öðru, og gerir einhverjar ályktanir um það, sem fram muni koma síðar. En dýrið getur ekki, að svo miklu leyti sem vjer getum gizkað á, sundurliðað eftirtekt sína í hin einfaldari efni, sem hún samanstendur af. Það aðskilur ekki viðinn og brunann í eldinum, hreyfinguna og hlutinn, sem hreyfist þegar það sjer hlut í hreyfingu. Maðurinn gerir það, og á sundurliðun byggir hann svo skoðunina: hluturinn hreyfist, viðurinn brennur. Dýrið gerir engan greinarmun á stefnu og hraða hreyfingarinnar, nje stærð og þyngd hlutarins. Með því að gjöra þann greinarmun finnur maðurinn hlutföllin milli þessara einföldu atriða hreyfingarinnar. Þau eru framsett í reglum þeim, sem vjer nefnum náttúrulög. Þekkingin á þeim gefur honum vald yfir hlutunum, bæði í hugsjón og verki. Hann getur ekki að eins sjeð fyrir hina margbrotnu viðburði, sem dýrið ef til vill getur að vissu leyti sjeð fyrir líka, heldur einnig útskýrt þá, það er að s: gja, hann getur frá þeim ákveðið orsakir þeirra, og, að svo miklu leyti sem hann getur haft orsakirnar á sínu valdi, framleitt þær. Þannig hefir skynsemin orðið að voldugu verkfæri, sem maðurinn hefir gert jörðina að þjóni sínum með. Hann hefir tamið dýrin eða eytt þeim; hann hefir valið og myndað plönturnar, sem þekja jörðina; hann hefir neytt náttúruöflin til að framkvæma skipanir sínar. Ment er máttur.

En þekkingin hefir líka annað nálægara gildi.

Hjá dýrinu miðar hún eingöngu til þess, að þjóna líkamlegum þörfum, en hjá manningum er hún frjáls. Hann hefir not, sem ekki verða notuð, ef svo má að orði komast, af eintómri umhugsun. Þetta á jafnvel við skynjunina. Lögun og litir skemta auganu og söngtónar eyranu, þess vegna eru málalalisti og sönglist til. Heimspekin á rætur að rekja til sömu nautnar í umhugsun um hlutina. Heimspekin er sú þekking, sem fast við hreina umhugsun. Þetta var hin upprunalega þýðing orðsins *filosofia*\* hjá

\* Orðið, s. m í flestum nútíðarmálum er notað til að tákna það, sem á ísl er nefnt heimspeki. Samkv. uppruna þýðir það ást á þekkingu eða vizku.

Grikkjum; Sókrates og fylgjendur hans, sem fyrstir notuðu orðið í þrengri merkingu, gerðu greinarmun á heimspeki og nothæfri þekkingu, hinni síðari tilheyrðu rökfimi og mælskufræði. Í þessum vafðaeka skilningi er heimspekin alment starf mannsandans; goðafræði er lægsta stig hennar; alstaðar verður hún að tilraun til að skilja alla bluti í einu hugtaki; og að útskýra tilgang alheimsins og sjerstaklega lífsins.

Þessi skoðun á þekkingunni gefur okkur mælikvarða, sem við getum notað til að mæla með öll sjerstök þekkingaratriði. Við getum sagt að hver sjerstök sannindi hafi gildi fyrir oss að eins að svo miklu leyti, sem þau hjálpa til að auka vald okkar yfir hlutunum eða skilning vörn á eðli hlutanna í einni heild. Þekking, sem hefir ekkert gildi í öðrum hvorum þessum skilningi, sem afrekar ekkert í verklegum framkvæmdum eða heimspekinni, er gagnslaus. Því er ósjaldan haldið fram nú á tímum, sem hinni hærstu reglu vísindalegra rannsókna, að öll þekking hafi óhagganlegt gildi í sjálfri sjer, eða að alt sem á annað borð eigi sjer stað, sje þess vert að vera þekt. Eg get ekki að því gert, að mjer finst þessi staðhæfing meiningarlaus, þó hún sje viðtekin af mörgum, sem þægilegt úrræði til að þagga niður allar spurningar um gildi sjerstakra rannsókna. Það er auðsætt að enginn sannur vísindamaður fylgir þessari reglu. Þrátt fyrir þá staðhæfingu, að alt sem eigi sjer stað, sje þess vert að vera þekt, hefir enginn sagnaritari tekið sjer fyrir hendur, hvað þetta eða hitt mikilmennið, eða smámennið, hafi borðað að morgni og um miðjan dag á hverjum degi afi sinnar; og enginn hefir enn þá gefið sig fram til að leysa úr ráðgátunni, sem Jean-Paul stakk upp á eitt sinn — sögu og samhengi prentvillanna frá því prentlistin var uppgötvuð. Enginn vísindamaður hefir heldur reynt að telja sandkornin á sjávarströndinni og lýsa lögun hvers korns. Hvers vegna ekki? Vegna þess að heilbrigð skynsemi, ef ekki vísindaleg skarpskygni, kannast við að það væri gagnslaut verk. Við verðum samt að bera í huga, að ekki er ávalt hægt að segja fyrirfram, hvort rannsókn muni hafa afleiðingar, er hafi þekkingargildi í öðrum hvorum þeim skilningi, sem hjer hefir verið bent á. Aldrei hefir heilbrigð, almennt skynsemi sýnt meiri skammsýni en í því, að andmæla vís-

ndalegri rannsókn, sem gagnslausu forvitnis-gaafi. Bacon hló að einum samtíðarmanni sínum vegna þess, að hann hjelt að það væri tilvinnandi að gera tilraunir með segulafi. Sókrates hafði á móti öllum eðlisfræðislegum rannsóknnum vegna þess, að þær væru ekkert annað en gagnslausir draumórar: að þekkja sjálfan sig, var að hans álit hið gagnlegasta, bezta og framkvæmanlegasta hlutverk mannsandans. Enginn maður hefir þessar skoðanir nú á eðlisfræðinni; allir vita að hún hefir haft hinar gagnlegustu afleiðingar í lír með sjer, bæði fyrir heimspekilegar hugmyndir um tilveruna og verklegar framkvæmdir, og það einmitt vegna þess, að í henni er ekkert skoðað of smátt. Hin almenna skynsemi hefir ef til vill meiri tilhneigingu nú á tínum til að setja út á málfræðislegar, sögulegar og sálarfræðislegar rannsóknir; og hver getur reyndar varist þeirri hugsun, að miklu sje safnað af rusli með því nýtilega í þessum greinum? Samt megum við ekki gleyma því að það þekkingar-atridið, sem í fyrstu virtist líftilmótlegt, hefir oft stóðar meir fengið mikla þýðingu. Fyrstu tilraunirnar í samanburðarmálfræði, hafa ef til vill líkst meira gagnslausu gaafi en alvarlegu starfi; en hversu afar stórkostleg ábrif hafa þær þó ekki haft á sögulega heimsskoðun nú á tímum. Það er því ekki nauðsynlegt að sýnt sje fram á nytsemi hverrar rannsóknar strax í byrjun. Það er eins satt fyrir því, að þekkingin hefir gildi að eins að svo miklu leyti, sem hún eykur hagsmunalegt vald okkar yfir hlutunum, eða heimspekislega þekkingu á heiminum.

Sama regla gildir, þegar tala er um verðmæti þekkingarinnar fyrir einstaklinginn. Þekkingin hefir ekkert í sjálfu sjer óraskanlegt gildi fyrir einstaklinginn, hún hefir gildi fyrir hann að svo miklu leyti, sem hún er honum til einhvers gagns, annaðhvort í hagsmunalegu tilliti eða í myndun heimspekilegra skoðana, með öðrum orðum, að svo miklu leyti sem þær gera manninn vitrari og hygnari. Þekking, sem kemur hvorugu þessu til leiðar, sem gerir manninn hvorki færari til síns starfs nje færari til umhugsunar, hefir alls ekkert gildi fyrir hann. Ef við nefnum þá þekkingu, sem gerir menn færa fyrir störf sín og stöður, starflega eða verklega mentun, og þá, sem gjörir þá færa til þátt-töku í heimspeki, bókmentum og listum, almenna mentun, þá getum við sagt, að

að eins sú þekking hafi gildi fyrir einstaklinginn, sem gefi honum starflega mentun eða auki hina almennu mentun hans, eða geri hvorttveggja.

Og hjer væri fundin regla, sem fylgja mætti í mentun. Hver maður ætti að fá þá þekkingu, sem er honum gagnleg til að rækja lífsstarf sitt sem bezt, og einnig þá, sem hjálpar honum til að skilja heiminn frá því sjónarmiði, sem hans staða í lífinu myndar. Það er auðsætt að fyrri þörfin, þörfin fyrir sjerstaka mentun, er ekki hin sama hjá öllum einstaklingum. Og hin síðari er heldur ekki hin sama hjá öllum. Það er að vísu satt, að yfirleitt hafa allir það sama fyrir augum: almenna menningu, eða möguleika til að taka þátt í andlegu lífi þjóðar sinnar. Og þetta er að lokum undir tvennu komið hjá öllum: þekkingu á náttúrunni og þekkingu á sögunni eða andlegu lífi. Hin fyrri gefur okkur hugmynd um eðli hlutanna yfirleitt, þar sem hin síðari gefur okkur hina síðustu og algildu þýðingu, sem hlutirnir eru metnir eftir. En aðferðirnar og hjálparmeðulin, sem einstaklingarnir nota til að ná þessari þekkingu, og eins það, hvernig þeir hafa hana á sfnu valdi, eru mismunandi eftir hæfileikum og tilhneigingum einstaklinganna sjálfra, og einnig eftir ytri ástæðum og tækifærum í lífinu.

G. ÁRNASON.

## Landið helga.

—:o:—

Í landinu með fjöll og flóð,  
fuglasöngva, bjartar nætur,  
brattan jökul, bruna glóð,  
blátær vötn og fossahljóð,  
sagna auð og lista ljóð,  
liggja vorar þjóðarrætur.  
Í landinu með fjöll og flóð,  
fugla söngvz, bjartar nætur.

Þaðan kom oss móðurmál,

meginauður lffs og vona,  
 hreint sem gull og sterkt sem stál,  
 steipt í mót af spaks manns sál,  
 ljett og auðugt, laust við þrjá,  
 ljúfust eignin dætra og sona.  
 Fedratunga, móðurmál,  
 meginauður lffs og vona.

Landið helga, heim til þín,  
 hugur minn úr fjarlægð líður  
 þinnar nætur sólar-sýn,  
 svifar fyrir augu mín,  
 þegar um óttu cygló skín,  
 yzt hjá vog mót gnúpa heiðum.  
 Landið helga, heim til þín,  
 hugur minn úr fjarlægð líður.

Landið mitt með fjöll og flóð,  
 fugla söngva, bjartar nætur,  
 brattan jökul, bruna glóð,  
 blátær vötn og fossa hljóð,  
 blessi Drottinn þína þjóð,  
 þsnum meinum veiti bætur.  
 Landið mitt með fjöll og flóð,  
 fuglasöng og bjartar nætur.

F. H. BERG.

---

## Trúðar.

- II. Marcabrun (ca. 1120—1195).
- III. Bernhard frá Ventadour (F. ca. 1130)
- IV. Vilhjálmur frá Cabestaing, (D ca 1131)

— :o:—

Eftir Vilhjálmi frá Poitiers og samtímis honum um hríð er skáldið Marcabrun. Er hans getið við aðra krossferðina um 1147. Liggja eftir hann eitthvað um 20 kvæði, eru þau næsta ólík flestum kvæðum Trúðanna, því í þeim er hvergi vikið að ástamálum

öða æfintýrum. Enda bera munkar honum það vitni, að hann hafi verið laus við öil ástamál um sína daga, og er þeim trúandi til að vita um það. Kvæði hans eru mjög einföld og þýð, ljós og lipur, og eru að því leyti ólík mörgum kveðskap þess tíma. Sagt er þó um Marcabrun, að hann hafi um tíma verið eitthvað háður Helenu Englands drottningu, en það voru raunar fleiri.

Eitthvert bezta kvæðið hans er út af þrossferðinni; og lýsir söknuðinum heima fyrir hjá þeim, sem eftir eru skildir. Það er auðn í landi, og finna yngri og eldri til tómléikans. Kvæðið byrjar með því að lýsa vorkomunni. "Aldingarðurinn umhverfis kastalann er grænn. Fuglarnir eru komnir til trjána og kveða á ný, eins og á hverju vori, sína fornu söngva. Skáldinu verður reikað um garðinn og gengur þá fram á meyju er situr grátin, og sem hann fær ekki huggað. Verður honum fyrst að hugsa að fuglakliðurinn, vorblærinn og skróði vorgróðans, fái hjálpað sjer, vilji hún að eins hlusta á sig. Hlustar hann á harmatölur hennar. Situr hún við lindina og falla tár hennar eins og regnúði ofan í vatnið. "Jesú, þú ósýnilegi konungur, þín vegna er eg sorgfull, vegna þeirra ranginda er þú hefir gjört. Þeir beztu á jarðrfki eru teknir frá oss, til þess að þjóna fyrir þínu altari. Elskhugi minn er slitinn frá mjer, hinn fríði, djarfi, drenglundaði og góði. Hvernig fæ eg annað en grátið. Öll jörðin er dauð og döpur.

"Er eg heyrði þessa kveinstafi hennar, gekk eg að lindinni og mælti: Fríða mey, grát eigi svo beisklega; órvæntu eigi, því hann er nálægur er þakið hefir grundirnar grænu og myndað barið á trjánun, hann mun á síðan hugga þig.

"Eg trúi því herra", mælti hún, "að guð muni veita mjer huggun annars heims, og ótal fleiri syndurum, þá eg em dái; en nú hefir hann svift mig allri gleði. Eg hnegi höfuðið, en himin hans, virðist mjer þó eigi að stöður fjarri".

Eftir Marcabrun má telja Pjetur frá Auvergne. Er hann fæddur um 1127 og deyr um 1214. Varð hann gamall og því lengst af nefndur "Pjetur gamli". Var hann af lágum stigum, en vann sjer vináttu hertoga og síkra höfðingja um sína daga. Svo segja munkar, að hann hafi ort betri kvæði, en nokkur fyrir hans dag. Eitt frægt kvæði kvað hann um "Skammdegin og löngu næturnar".

“Lofaði hann og kvæði sín mjög, en lastaði önnur skáld”, bæta þeir við.

Mörg fleiri skáld má nefna um þetta leyti, en merkast allra er Bernhard frá Ventadour. Liggur mikið eftir hann, nég í stærðar bók, enda var hann æfintýra maður mikill. Hann er fæddur um 1130 og var af lágun stígunum, en miklum gáfum gæddur. Hann var bakara son, og óst upp við greifabirðina í Ventadour. Voru Ventadour greifarnir frægir um langt skeið, fyrir rækt þá er þeir lögðu við vísindi og listir. Ebles III., er þá var greifi, tók Bernhard að sjer og naut hann hjálpar hans. Greifinn var þá gamall en kona hans var ung, valdi Bernhard hana sjer ið yrkisefni, og orti til hennar mansöngva og æfintýraljóð. Segja munkar svo frá. En Aðalheidur greifafrú var væn mjög og gláðsinna, og geðj-aðist henni vel að söngum Bernhards, svo að hún feldi ástir til hans og hann til hennar. Og þau ólu ástir sínar um langan tíma áður en maður hennar, greifinn, varð þess vísari. Varð hann þá afarreiður og ljét hafa strangar gætur og setja vörð um frúna, svo hún fyrir þá skuld ljét Bernhard frá sjer, og hann fór burt úr þvf landi. Fór hann þá á fund Helenar Englands drottningar, er þá sat í Normandi, og var stórfræg og háttlofuð og vel að sjer gjör. Og söngvar Bernhards fjellu drottningu vel í geð, svo hann hlaut þar hinar beztu viðtökur, og hann flengdist við hirðina um langan tíma og feldi ástir til drottningar og hún til hans, og kvað hann þar um marga fræga söngva. En meðan hann dvaldist þar, ljét maður hennar, konungurinn frá Englandi, flytja hana frá Normandi, en Bernhard sat eftir hryggur og harmþrunginn”. Vandraði þá Bernhard víða og var mikils metinn. Er þetta var, var hann 23 ára, en drotning hálfertug.

En frægastir allra Troubadoura um þetta leyti var Vilhjálmur frá Cabestaing, einkum fyrir hin sorglegu æflok hans. Frá honum er svo sagt. Vilhjálmur frá Cabestaing var riddari frá Roussilon, en það hjerað liggur næst Catalonia, og Norboune. Hann var frfður sýnum, lærður vel í vopnaburði, allri kurteisi og hallarþjónustu. Í þessu landi bjó kona, er nefnd er frú Soremonda, gift Reymond greifa í Roussillonborg. Reymundur var af göfugum ættum, djúpsinnaður, djarfur og grimmúðugur, ríkur og rembilátur.

Og Vilhjálmur frá Cabestaing unni frá Soremondu mikið, og gjörði til hennar söngva, en hún var ung og glaðsinna, göfug og einkarfríð, og hún unni honum umfram alla menn aðra í öllum heimi. Þetta var sagt Reymundi frá Roussillon, en hann var ófundsjúkur og grimmyndur, spurðist hann fyrir um þetta og frjetti að svo var, ljet hann þá setja gæzlumenn til höfuðs Sorumondu. Og það var dag einn er Reymundur sá Vilhjálmu fara faliðaðann hjá kastalanum, að hann sat fyrir honum á laun og drap hann. Hann ljet höggva af honum höfuðið og taka úr honum hjartað. Og höfuðið flutti hann með sjer til kastalans, en hjartað ljet hann steikja og gaf konu sinni að eta. Og sem hún hafði etið það, sagði Reymundur frá Roussillon við hana: "Veizt þú hvað þú hefir etið?" "Nei, herra, nema það var mjög góður og gómsætur rjettur". Sagði hann henni þá að það væri hjarta Vilhjálms frá Cabestaing, sem hún hefði etið, og til sannindamerkis ljet hann sækja höfuðið og sýna henni það. Við það, er hún sá og heyrði, sjell hún í óvit, en raknaði skjótt við og sagði: "Herra, þjer hafíð veitt mjer fæðu svo góða og dýra, að hjeðan í frá mun eg einskis matar neyta framar". En þegar hann heyrði það, hljóp hann að henni með brugðnu sverði og hefði höggvið hana til bana, en hún hljóp fram á vindsvaíir kastalans og kastaði sjer þar fram af, og ljet svo líf sitt.

Spurðust þessi tveindir út frá Roussillon út um alla Catalonfu, að Vilhjálmur frá Cabestaing og frá Soremonda, hefði með þessum hætti látið líf sitt, og að Reymundur hefði gefið henni hjarta Vilhjálms að eta. Og það var mikill harmur og söknuður í öllum þeim hjeruðum. Að síðustu barst frjettin til konungsins í Aragon, er var lánardrottinn þeirra Reymundar og Vilhjálms. Fór þá konungurinn til Pepignon í Roussillon, og gjörði boð eftir Reymundi að hann kæmi til móts við sig. Og er Reymundur var þangað kominn, ljet konungur handtaka hann og flytja hann burt frá köstulum hans og eignum, en kastalana ljet hann brjóta og setja hann í dýflissu. En Vilhjálmu frá Cabestaing og frá Soremondu, ljet hann taka upp og flytja til Pepignon og grafa þau þar fyrir kyrkjudyrum. En yfir þau setti hann grafstein og á hann var lettrað, með hvaða hætti þau höfðu látið líf sitt, og hann bauð



öllum riddurum og aðalsfrúm í Roussillon, að þau skyldu árlega heimsækja grófina. Og Reymundur frá Roussillon lét aumlega líf sitt í konungs dýflissunni í Aragon.

Kvæði Vilhjálms eru talin ein þau þýðustu og hreinustu af Troubadoura ljóðum. Dauði þeirra Vilhjálms og Soremondu hefir verið skömmu eftir árið 1181. En saga Vilhjálms og æfiafrif hans og Soremondu, urðu almenningi efni til margra hugleiðinga. Festist atburður þessi mönnum mjög í minni, og er tímar liðu fram, var saga þeirra sett í samband við æfintýra og goðhetjur eldri og yngri tíma. Þannig er til saga af Renard kastalaverði frá Coucy.

Renard fjell í unsátrinum um Acre árið 1192, en þegar hann var að deyja, bað hann einn liðsmanna sinna að taka úr sjer hjartað og færa það vinkonu sinni, greifafrú Fayel. En greifinn frá Fayel náði hjartanu og fór með það eins og Reymundur frá Roussillon. En er greifafrúin varð þess vís, hafnaði hún allri fæðu og svelti sig í hel.

Um svipað efni er kvæðið "Hjartað", eftir Dr. Grím Thomsen, tekið úr þýzkum sögnum. En í stað Reymundar frá Roussillon, er það Konráð riddari, þegar hann kemur úr krossferðinni og finnur Valtari hjá greifafrúnni, sem veldur dauða Valtaris. Gefur hann frúnni hjarta Valtaris að eta. Vildi hún þá einskis neyta framar.

"Mál er að á leið eg leggi, liðinna til æskuvina;  
Valtara mjer nægir neggið, í nesti inn í eilífðina".

---

## Passion Hymns of Iceland.

—:O:—

Svo heitir lítil bók, sem gefin er út í Lundúnum nú fyrir stuttu. Er það þýðing á ensku, á úrvali úr Passusálmum Hallgríms Pjeturssonar. Þess utan fylgir þýðing á nokkrum sálmum sjera Valdimars Briem, tveimur sálmum eftir sjera Matth. Joch-

umsson, og sínum sálminum eftir hvern þeirra, sjera Björn Halldórsson eldri, sjera Pál Jónsson í Viðvík, sjera Arnór Jónsson í Vatnsfirði og sjera Helga Hálfðánarson. Alls er bókin 72 síður í 8 blaða broti. Þýðarinn er enskur prestur, Rev. C. Venn Pilcher, prestur við Jakobs kyrkjuna í Toronto.

Framan við sálma þýðinguna er fyrst stuttur inngangur, eftir biskupinn í Durham á Englandi, er fer hlýjum orðum um Ísland og þjóð vora. Þar næst formáli þýðarans og talar hann hlýlega til Íslendinga, segir, sem satt er, að hann hafi heinsótt þá hjer í bæ, og dvalið gestur um nokkurn tíma í húsi sjera Jóns Bjarnarsonar. Í formálanum getur hann sálmakveðskapar Íslendinga, og segir að í þeim efnum beri þeir sjera Hallgrímur og sjera Valdimar Briem þar langt af öðrum, sína á hverja vísu, eins og þeir lífi líka sinn á hverri öld. Hrósar hann þar og að maklegleikum mjög sálum sjera Valdimars.

Eftir formálann kemur æfiágríp sjera Hallgríms Pjeturssonar, prýðilega vel samið, og stuttar greinar um nútíðar sálma-kveðskap Íslendinga. Þá eru og tvær skýringar um þá sjera Helga Hálfðánarson og sjera Matthías.

Þýðingarnar eru víðast allnákvæmar og vel gjörðar, en þó er sá galli á, að óvísða er sömu bragarháttum haldið. Finnur maður mest til þess á sálmi sjera Matthíasar: "Ó, guð vors lands", svo að ekki verður notað við þýðinguna hið gullfagra lag próf. Sv. Sveinbjörnssonar. Sá sálmur hefir áður verið þýddur, undir rjettum hætti af Meistara Eiríki heitnum Magnússyni, en að öðru leyti er sú þýðing tæplega eins góð og þessi.

Af sálminum "Alt eins og blómstrið eina", eru þýdd 4 stöstu versin. Vera mega þó Íslendingar höf. þakklátir fyrir verk hans, er vera mun hin fyrsta tilraun að kynna ensku þjóðinni lífs-skodanir vorar og andleg ljóð. Ekki er heldur annað hægt að segja, en að tilraun sú hafi tekist vel. Og ef vjer erum spurðir þess af sambýlismönnum vorum hjer í landi, þvi vjer syngjum ekki eftir þeirra bókum og nótum, er oss óhætt að svara því, að það sje vegna þess vjer eigum sálmabók sjálfir, og benda þeim á útdrátt þenna sem sýnishorn.

## Hvenær byrja trúfrelsis skoðanir að gjöra vart við sig á Íslandi?

Fyrir rúmum 7 árum stöðan, kom í "Skírni" ágæt ritgjörð eftir Dr. Helga Pjeturssen er hann nefndi "Úr trúarsögu Forn Íslendinga." Gjörir hann grein fyrir þar hvernig og hvenær Íslendingar töpuðu sjálfstæðri skoðun í trúarefnum. Telur hann að allt skoðana sjálfstæði megi heita dáið út á Íslandi nokkru fyrir árið 1300. Er það eitt af afrekum "Gvöndar góða" og Sturlunga aldarinnar.

Hvenær skoðana sjálfstæði í trúarsökum byrjar aftur að gjöra vart við sig, hafa menn ekki verið algjörlega samdóma um. Hjer og hvar, um og eftir Siðabót og fram að byrjun 19. aldar virðast stöku menn hafa verið óháðir almennings og kyrkju-álitinu í ýmsum efnum. En fráleitt verður það þó skoðað sem grunduð skoðun þeirra á gildi hinna viðteknu trúalærdóma.

Daði í Snóksdal snftt á móti Jóni biskupi Arasyni, en fremur er það af eigingjörnum hvötum en sannfæringu fyrir nýjum og víðsýnni trúarhugsjónum. Þessi faðir Lútherskunnar á Íslandi var einn hinn siðspiltasti maður síns tíma, og með margvíslegri breytni sinni fyrir löngu fallinn undir fordæmingardóm kyrkjunnar. Fór honum þvf eins og við hefir borið fyrr og síðar, að í stað þess að bæta ráð sitt, gjörðist honn fjandmaður þeirrar stofnunar og kenninga, er í eðli sínu voru andstæðar lífferni hans og breytni.

Getið er einstöku manna eftir þann tíma, er fráhverfir voru biskupum og lögboðum kyrkjunnar. En fremur mun það hafa verið siðaregla trúarinnar, en trúarkenningin sjálf, er olli mótstöðu þeirra. Voru biskupar tíðum strangir í kenningu móti ýmsum ósiðum og yfirtroðslum alþýðu og höfðingja.

En mótþrói og barátta þessara stöku manna við kyrkjuna og hennar menn er oftast lagadeilur og kemur alls ekki trúarskoðun.

inni við. Trúarskoðanir þeirra hafa að líkindum verið hinar viðteknu kenningar þeirra tíma.

*Páll lögmaður Vídalín* (D. 1727) var einn lærðasti Íslendingur fyrrihluta 18. aldar. Í skýringum hans yfir Fornyrði Lög-bókar kemur fram skoðun, sjálfsagt ótíð þá, um að sögu heimildir G. Testam. sjeu ekki með öllu áreiðanlegar. Getur hann því tæplega hafa verið jafn sterkur bibluftrúarmaður einsog 17. og 18. aldar menn flestir voru.

Ekki er það þó fyrr en um síðari hluta 18. aldar að menn fara að leggja trúar setningarnar undir dóm skynseminnar og þá sára fáir. *Sigurður sýslumaður Pjetursson* (F. 1759), fyrsti íslenzki leikrita höfundurinn, var hneigður til skynsemistrúar, einsog vöðma má skilja af ljóðum hans, en ekkert lætur hann þó eftir sig í þá átt að benda fólki á aðrar leiðir en farnar höfðu verið. Var hann mikill vin Geirs bizkups Vfdalns, er mikinn trúarkærleik og lípurð átti til að bera. *Benedikt Jónsson Grændal*, assessor (F. 1762) er með þeim fyrstu er setur ofanf við kenningu þá, er ávalt hefir fylgt siðbótartrúfræðinni og verið höfuð grein íslenzkrar kristni og það jafnvel fram til síðustu tíma, að allt í þessum heimi sje illt og undir ánaud þess illa gefið. Í hinu fagra kvæði hans "*Gud gjörði allt vel*" er sýnt fram á að þessi heimur sje góður, engu stöður en hinn eftirvænti og tilkomandi heimur, og allur þessi vesaldar og fals auðmýktar söngur um spilling og vonsku þessa heims, sje ekki eingöngu heimskulegur heldur og líka stórsynd og argasta guðlast. Er það djörf, góð og þörf, áminning, er sendir hina fyrstu ljósgeisla yfir hið formyrkvaða sálarlíff 18. aldarinnar. Í kvæðinu eru erindi sem þessi:

“Ó hversu blind er þorin þeirra hyggja,  
þann bezta Guð er eigi sjaldan styggja  
með því guðlausu, gárungslega tali  
gott finnst ei, í þessum tára-dali.

Hafa þeir aldrei neinar gefið gætur  
að grúa þeim sem tindrar allar nætur  
um himinfesting, fagurlega, bláa,  
nje fengið þar við andans lypting háa?

Sáu þeir aldrei sólar-borð á fjöllum  
 senda lífið og varmann hlutum öllum?  
 Mun engi dögra, í morgunblæjar þytum,  
 mála þeim furðuverk, af hvorskyns litum?

Synd er, um gott ei sönnu uppihalda;  
 synd er þó verri, illt í þökk að gjalda.  
 Þangað til lengur lífs ei kraftar orna  
 láttu mig, Drottinn minn, við henni sporna “

Þá tukur og Gröndal svari Sálmaðókarinnar er Magnús Stephensen gaf út og flestir andmæltu, fyrir þá skuld að úr henni var dreginn “útskúfunar-lærdómurinn” („ei greinir neinn sje fjandi”). Er svar hans hið naprasta háð einsog líka árásirnar á Magnús gáfu efni til. Segir hann að ekki hefði orðið jafn töfrætt um það þótt eitthvað annað hefði vantað í sálmaðókina einsog, “Andskotann”. En þar *söknudú* menn *vinar í stað* og sleptu vitinu:

‘Það er skritið um þessa daga,  
 þykir að sakna vinar í stað;  
 ei færi mikil af því saga  
 ef Andskotinn ei væri það,  
 sem eð úr helgri sálmaðók  
 sínar brækur til ferða skök.

Blindninnar vjer í böndum spriklum;  
 bríðjum heimskunnar fornan hleif.  
 Þessum vangætnis þoku-hnyklam  
 þyrta mun tíð á víð og dreif.  
 Á Guði eg hefi trúar traust  
 hann tilbeiðslu þiggi djöfla-laust“

Að þeim frátöldum er á hefir verið minst, kemur til sígunnar, sá er fyrstur má segja að vakið hafi skoðana sjálfstæði í trúar efnum á Íslandi, hinn mikli ættjarðar frömuður fróðleiks og atorku maður Conferenzráð *Magnús Stephensen (F. 1762 d. 1833)*. Vanst honum þar meira í því efni, en öðrum, vegna þeirrar háu stöðu er hann skipaði í Þjóðfjlaginu, valds þess er hann hafði yfir þeirri einu prentsmiðju landsins, er var undir hans hendi, og hinnar miklu atorku og dugnaðar er hann átti til að bera. Hann

var frábærlega vel lærður maður og samdi hann sjer það að æfiverki, að efla sjálfstæði og þekkingu í landinu. En þekking og sjálfstæði var óhugsandi meðan brennisteins reykin lagði upp af altari hverrar kyrkju í landinu. Var því trúar vísýnið eitt af hans aðal baráttu málum. Í flestum fræðigreinum þeirra tíma var hann vel heima. Rit hans, er flokka má niður undir Sagnfræði, Búfræði, Hagfræði, Verzlunarfræði, Lögvisi, Uppeldisfræði, Náttúruvísindi, Læknisfræði, Ljóðagjörð, og Söngfræði, bera það líka með sjer. Auk þess má telja hann aðal upphafs mann, þess stórar meðal Íslendinga að setja mönnum eftirmæli og kveða erljóð eftir þá sem dóu og eitthvað þótti í vafið. Er sá siður fagur og gúfugur, hvað sem um hann annars má segja nú.

Afskifti hans af trúmálum koma fram aðallega í útgáfu Sálma-bókarinnar er hann og Geir biskup Vtdalnr gáfu út (prentuð 1801 fyrsta sinn í Leirárgörðum), og mest þrasið reis út af. Í bók þeirri er dregið stórt stryk yfir djöflatrú og "fordæmingarlærdóm" kyrkjunnar. Mætti hann fyrir það miklu aðkasti og hörðum dómum. Svo eru og rit hans "Vinagleði" og "Gaman og Alvara", þrungið þessum sama anda. Losa menn við hjátrú og volæðis trú, en efla sjálfstæði og dáð til hugsana og athafna. Að starfi sá var ekki vinsæll, en sá sjá af því sem samtíða menn hans sögðu um það í riti og ljóðum. Jafn skynsamir menn og Jón Þorláksson á Bægisá sýndu þessari tilraun Magnúsar fjandskap, og er þá hægt að hugsa sjer, hversu hinn hafi látið, er vitið höfðu minna. Að Magnús hafi fundið til þess "hvað vaninn er sterkur og hjátrúin megn", lýsir kvæðið, "Ljóssins Óvinir". Lætur hann meðhaldsmenn hinna eldri og rígbundnu skoðana, sitja í myrkri, við munngát og annan fögnuð, og verða æfa, við óboðinn gest, er bregður þar upp ljósi. Játa Magnús að það geti borið við, að hætta geti hlotist af ljósi — og eldsvoði, — en sama megi segja um fleiri góða hluti t. d:

"Guðhræðslan, sem grundvalla má  
gæfuzar hjer og himnum á,  
Úr hófi yðkuð, hefir þrátt  
í heilanum gjört á mörgum dátt"

“Um Dagdóma” “Fáni móðurinn” og “Tímon og Voltaire” talar hann um fastheldni við hleypidómna og hræðslu við að leita þekkingar og nota skynsemina. Í því efni eru menn einsog “sinnulaus og tóm hvelving, sem ekkert þenkir, heldur undir-kveður.” En sá rjetti móður er:

“Ef sjervitringur þig fræði fer, fljótt hneig;  
margtuggna heimsku á borð ef ber, brátt hneig.

— — — — —  
Þá asnar dæmi um vísdóms verk, djúpt hneig;  
ef heimskann ragna þeim heyrir klerk, djúpt hneig;  
en óski hann vísis á báli brænda  
bók hverja, er skynsemi fer nýhenda  
strax þeig, hneigð aftur, halt munn, hneigð aftur og þeig!”

Vist mun og Magnús hafa verið með þeim fyrstu á Íslandi er greip þann sannleika, að öll guðstrú meðal manna er ein, á misjöfnu stigi, en ekki eins og skoðanin var að guða nöfn heiðinna þjóða, væru nöfn voldugra anda, er í sannleika væru til, en væru falsguðir. Bendir á það hinn gullfallegi sálmur, er varð Jóni á Bægisá og öðrum til hneixlunar og þetta er upphaf að:

“Alfaðir! hvorn um aldir allar  
áttir himins og jarðar her,  
viltir, helgir, vísir, ákalla  
vor Guð! Jehóva! Júppiter!  
alls voldug orsök, æ lofud,  
ógransakanleg, Drottinn Guð.

Í sálmi þessum kemur líka fram sú kenning, að guð er ekki eingöngu guð manna, heldur og alls heimsins, og þar sem menn þekja minsta hluta alheimsins, sæmi þeim ekki að leggja áfellis dóma á meðbræðurnar er aðrar skoðanir hafa um guð en þeir sjálfir og kalla þá heiðingja.

Hve mjög það hefir vakið alþýðu manna til hugsunar, um andleg mál, hið djarfa tiltæki Magnúsar með sálmabókar útgáfunni, auk ótal fjölda, hans eigin rita, verður sjálfsagt aldrei til fulls metið, því margar þær hugsanir, er til framfarar horfa, hvíla um langan tíma á meðvitund þjóðanna áður en þær virðast fara að

bera nokkurn ávöxt. Kemur því árangurinn ekki strax í ljós. Sama er að segja um hinar aðrar skoðanir er kippa burtu menning og sjálfstæði og steypa þjóðum og einstaklingum í glötun. Þær eru lengi að búa um sig áður en áhrifa þeirra verður vart. Sjást það best, hve lengi það tók Kathólskuna að kollvarpa sjálfstæði og drenglyndi hinnar heiðnu siðmenningar Íslendinga. Þó er það víst, að fyrir drengilega framkomu og ósjerhlífna þjónustu í þarfir trúarvísýnis og fagurra lista varð árangurinn af verki Magnúsar mikill. Meðfram var það því að þakka, að af honum tóku við aðrar hendur, er engu stöður en hann kunnu að halda á góðu málefni. Svo var það og líka, á meðan hans naut við og prentverkið var í hans höndum, var ekkert gefið út af þeim ritum er sveigt gátu menn af leið, inn í myrkrið og moldviðrið aftur. Ganga má að því sem vísu, að ekki hafi allur almenningur getað tekið á móti eða helgað sjer hinar heimspekilegu trúarskoðanir Magnúsar, strax um hans daga. Til þess var skilningur manna ekki nógu þroskaður, og tíminn alt of stuttur, en stöku menn gátu fylgst með og með því var málinu borgið. Og ef Magnús lifði það ekki, að Íslendingar yrði sjálfstæðir í trúarskoðunum, þá lifðu þó verk hans nógu lengi til þess að mynda undirstöðu þess sjálfstæðis er stöðar hlaut að verða.

Skynsemisstefna Magnúsar mun þó hafa náð sjer allvel niðri meðal nokkurra fróðra og framsóknargjarnra, yngri samtíðarmanna hans. Þannig er Árni biskup Helgason talinn hneigjast mjög að skynsemis stefnunni, og heyrir höfum vjer þess getið um *Jakob Pjetursson* (F. 1790) er var fyrstur alþingismaður N. Þingeyinga, að hann, hafi ekki eingöngu hafnað útskúfunar lærdóminum, heldur og sakramentum kyrkjunnar. Var honum það ekki talið hættulaust, en kosinn var hann, engu að stöður fyrir það, erindsreki sýslunnar, og mikils metinn meðal bænda.

Framh. .



---

 TVÆR GAMANVÍSUR.
 

---

Eins og flestum Íslendingum hjer vestra er kunnugt, er Kristján N. Julius eitt vort bezta kýmniðsskúld. Eru allareidu margar vísur hans á gangi manna á meðal. Tvær eftirfylgjandi vísur eru nýjar, og lærðum vjer þær í vor er einn kunningi vor fór með þær.

Sú fyrri, heyrðum vjer, að ort væri, út af gróðabra'ls auglýsingum þeirra, sem spana eru Íslendinga til að flytja vestur. á Graham eyju, vestur í Kyrrahafi, og er mest bygð þorski með ströndum fram.

“Á neðsta granda Nástrandar  
er neþja blandin hita.  
En hvort að landar þrffast þar,  
það má fjandinn vita.”

---

Eftirfarandi vísa er kveðin, að oss var sagt, út af móti Borgfirðinga í vetur. Tilefnið er, að í kvæði fyrir minni Borgarfjarðar, er þar var flutt, eftir nokkra upptalningu, er hinum sýslubáum öllum slengt saman og getið, sem “allra — INGA.”

“Breiðfirðingar biðu þar  
hjá Borgfirðingum gestir;  
Austfirðingar alstaðar,  
Eyfirðingar hjer og þar,  
en — vitfirringar, langt um,  
langt um flestir”.

---

“ÞÓTT EG SÖKKVI”  
Í SALTAN MAR”.

Í vor, er flestir voru að fara heim til Íslands, skrifuði oss gamall vinur, einn af Austurlörum, og setti hann neðan undir bijefið, enska þýðingu á þessari alkunuu vísu :

“Þótt eg sökkvi í saltan mar  
sú er eina vörnin. •  
Ekki grætur ekkjan þú  
eða kvæna börnin”.

Setjum vjer þýðinguna hjer til gamaus:

“One thing I need not dread, though  
I sink in the salty sea ;  
For neither children nor widow  
Will shed their tears for me”.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og anglýsinga.  
Kostar EINN DOLLAR um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únítaríska Kyrkjufjelagi Vestur-Íslendinga.

### ÚTGÁFUNEFND:

Rögnv. Pétursson, ritstjóri, Guðm. Árnason, Ó. Pétursson, ráðsmaður  
533 Agnes St. 45 Aikins Bldg.

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til ritstjórans, 533 Agnes St.  
Peninga sendingar sendist til ráðsmannsins, 45 Aikins Bldg.

GIMLIPRENTSMÍÐJAN.

## FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ og ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þjer veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-samninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.  
PHONE 5327 --- P. O. BOX 645

---

---

## Hið Unítaríska Kyrkjufjelag Vestur-Íslendinga.

(Stofnað 1901).

Forseti: S. B. Brynjólfsson

Skrifari: sjera Guðm. Árnason

Fjehirðir: Hannes Pjetursson

} Winnipeg, Manitoba.

---

**TILGANGUR:** Tilgangur fjelags þessa er, að leitast við að efla og stofnsetja únítaríska söfnuði meðal Íslendinga, útbreiða frjálslyndi í trúarskoðunum, og viðhalda skynsamlegum, lifandi og göfgandi trúarhugmyndum, í elsku til guðs og þjónustu manna.

**MEÐLIMIR:** Í fjelagi þessu geta staðið bæði einstakir menn, sem að þessum fjelagsskap vilja vinna, og söfnuðir þeir, sem stefna að hinu sama markmiði.

---

Hjá fjelaginu eru eftirfylgjandi rit til sölu:

1. Lærdómskver (Barnalærdómur eftir únítarískri kenningu) 35c.
2. Grundvallarlög Kyrkjufjelagsins . . . . . 5c.
3. Heimir Mánaðarrit. 288 bls. á ári. Yfir árið . . . \$1.00
4. Heimir, I—VIII árg., innheftir, hver á . . . . . 50c.

Pantanir á ofantöldum ritum, sendist skrifara, eða á skrifstofu  
"Heimis", 533 Agnes St., Winnipeg, Man.

NOTIÐ

# ROYAL CROWN

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

---

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrýgri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

---

The Royal Crown Soaps, Ltd.

Verðlaunadeild,

Winnipeg, - - - Canada.

---

Nýtizkulegasti og endingarbezti  
skófatnaður í Canada.

Þrjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe  
Tvær sérstakar tegundir—

“AMES HOLDEN SKÓR”

“McCREADY SKÓR”

Nægar birgðir til skjótrar útsendingar í vörungeymsluhúsi  
okkar í Winnipeg.

---

**Ames Holden McCready, Limited**